

eða flutt til, að gefa óviðkomandi mönnum færi á, að komast að exemplörum þeim, sem öðrum eru ætluð. Sömualeiðis skal það bannað þeim mönnum, sem hafa pósthjónustu á hendi, að gefa nokkrum manni útifrá vísbendingu um, hverir taka eigi við blöðum og tímaritum, eða hve mörg exemplör pósthjórnin láti flytja af einhverju blaði eða tímariti.

1872.

3. maí.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Í dómsmálastjórninni, 3. dag maímánaðar 1872.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmaonsins yfir Íslandi, um lán til vegabóta úr hjálparsjóði.

4. maí.

Eptir að stjórnarráðið hafði leyft með bræfi 28. júní f. á.¹⁾, að taka mætti til láns allt að 1000 rd. handa vegasjóði suðuramtsins úr hjálparsjóði þeim, sem stofnaður var samkvæmt Auglýsingunni um áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl 1871 til 31. marz. 1872, 4. marz. f. á., 10. gr., til kostnaðar við vegabætur á þjóðvegi amtsins í Rangárvallasýslu, með þeim skilyrðum, að goldnir verði 4 af hverju 100 í vöxtu á ári, og að helmingurinn af láninu sè borgaður aptur fyrir árslok 1872, og hinn helmingurinn fyrir árslok 1873, hafið þær, herra stiptamtmaður, í bræfi 7. f. m. skýrt svo frá, að að eins hafi verið teknir af láninu 550 rd. á því reikningsári, sem liðið er, og mælist þær til, að stjórnarráðið samþykki, að afganginum af láninu verði varið á þessu reikningsári til þess að ljúka við vegabætur þær, sem getið er.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið samþykkir þetta, þannig að þeir 450 rd., sem eptir

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 196.

1872. voru af láninu, verði taldir með útgjöldum í 10. gr. áætlunarinnar
4. maí. um tekjur og útgjöld Íslands á þessu reikningsári, og að
lánið verði borgað innan ársloka 1873 alltsaman.

4. maí. **49. Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi.** (á Íslensku og
Dönsku).

Vér Christian hinn Niundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt:
Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa al-
þingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar
um sveitastjórn á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa
leið :

1. grein.

Stjórn sveitamálefna í sveitum Íslands skal falin á hendur
hreppsnefnd í hverjum hreppi, sýslunefnd í sýslu hverri, og amts-
ráði í hverju amti.

A. Hreppsnefndir.

2. grein.

Í hreppsnefndinni skulu vera 3, 5 eða 7 menn eptir stærð
hreppsins og fólkstölu; þeir skulu kosnir af þeim hreppsþúum,
sem samkvæmt því, sem síðar er mælt fyrir, hafa kosningarrétt.

Amtmaður ákveður, áður en kosning fram fer í fyrsta skipti,
hve margir hreppsnefndarmenn skuli vera í hverjum einstökum
hreppi, eptir að hann um það hefir leitað álits vel metinna
manna þar. Ef hreppsnefndin fer þess á leit eða samþykkir
það, getur sýslunefndin breytt þeirri tölu nefndarmanna, sem
þannig hefir verið sett.

3. grein.

Kosningarrétt og kjörgengi til hreppsnefndar á hver búandi
maður í hreppnum, sem hefir óflekkað mannorð, er 25 ára að
aldri og er ekki öðrum háður sem hjú, ef hann síðasta árið hefir